

GJALDSKRÁ

**vegna geislavarnaeftirlits á vegum Hollustuverndar ríkisins fyrir árið
1983.**

1. gr.

Skoðunargjöld fyrir árið 1983, sem Hollustuvernd ríkisins innheimtir og gjaldfalla þegar að lokinni skoðun verða sem hér segir:

	kr.
<i>1. Röntgenskoðunartæki (diagnostik)</i>	
a. Föst tæki	1 500,00
b. Aukalampar	450,00
c. Móbiltæki	1 150,00
d. Tannröntgentæki	1 150,00
<i>2. Röntgenlækningatæki (terapi)</i>	
Geislalækningatæki	3 400,00
<i>3. Röntgentæki í iðnaði</i>	
Iðnaðartæki	1 500,00
<i>4. Geislavirk efni</i>	
Fyrir hvern stað, þar sem slík efni eru notuð	1 150,00
<i>5. Önnur tæki</i>	
Tæki, sem ekki falla undir liði 1-4	1 150,00
<i>6. Mælingar á geislaskömmtum</i>	
a. Filmumælingar vegna starfsfólks, fyrir hvern starfsmann	300,00
b. TLD mælingar	600,00

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með stöð í lögum nr. 95/1962 um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum og geislatakjum sbr. lög nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. september 1983.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 624

5. september 1983

AUGLÝSING

**um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr.
25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.**

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér segir:

Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a) í bráðabirgðaákvæðum kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b) í bráðabirgðaákvæðum kr.
1. mars 1983	242 247	726 743
1. júní 1983	261 627	784 882

Samgönguráðuneytið, 5. september 1983.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 625

25. ágúst 1983

REGLUGERÐ

**um hámarksfjölda leigubifreiða til vörubifreiðaakesturs í Norður-
Múlasýslu.**

1. gr.

Reglugerð þessi nær til félagssvæðis Vörubílstjórafélags Norðmýlinga.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vörubifreiðaakesturs takmarkast við hámarkstöluna 12 sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Norðmýlinga og sýslunefndar Norður-Múlasýslu.

3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Í októbermánuði ár hvert veitir Vörubílstjórafélag Norðmýlinga viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflytninga. Skal þá, er fjöldi leigubifreiða er kominn niður fyrir töluna 12 bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina eftir biðtímalengd og tímaröð.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða. Ennfremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru í eigu einstakra fyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftireytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. ágúst 1983.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.